

Reykjavík 18. maí 2022

## Sérstök tekjufallsúthlutun v. COVID-19

### Kynning

Þann 25. janúar 2022 boðaði ríkisstjórnin sérstakar viðspyrnuaðgerðir til að efla tónlist og sviðslistir, eftir erfiðan tíma í kjölfar heimsfaraldursins COVID-19. Aðgerðirnar fela samtals í sér 450 milljóna króna innspýtingu. Þar af eru **150 milljónir** ætlaðar tónhöfundum, til að bæta að nokkru upp tekjufall vegna samkomutakmarkanna, sem gerðu tónlistarfólki meira eða minna ómögulegt að standa fyrir tónleikum um tveggja ára skeið (2020-2021).

STEFi var af ríkisstjórninni falið að úthluta þessu fé og setja viðmið um úthlutunina. Eftir samráð við menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur stjórn STEFs samþykkt sérstakar úthlutunarreglur vegna þessa framlags (sjá neðar).

### Samantekt

Úthlutunin byggir á þeim upphæðum sem meðlimir STEFs hafa fengið úthlutað að meðaltali árlega fyrir flutning verka á tónleikum á tilteknu viðmiðunartímabili (2016-2019). Ef viðkomandi fékk þó eitthvað úthlutað fyrir tónleika á árunum 2020 og 2021, þá var sú fjárhæð dregin frá hinni sérstöku úthlutunarfjárhæð.

Sérregla gildir fyrir nýja meðlimi STEFs (skráðir 2018 eða síðar), sem þurftu þó að hafa fengið úthlutað að lágmarki kr. 3.000 á árunum 2019-2021 til að öðlast hlutdeild í þessari úthlutun.

### Skattamál

**ATHUGIÐ:** Þar sem hér er ekki beinlínis um að ræða tekjur sem rekja má til opinbers flutnings, heldur beinan styrk, þá flokkast þessi úthlutun skv. skattstjóra sem almennar skattskyldar tekjur, líkt og á við um fjárstyrki yfir höfuð. **Móttakendum ber því að greiða fullan skatt af þessari tilteknu úthlutun/upphæð þegar kemur að árlegum skattskilum.** Það er ólíkt því sem á við um aðrar úthlutanir frá STEFi, sem búið er að draga viðeigandi skatt af.

-----

Í þessari sérstöku úthlutun var alls úthlutað til 504 einstaklinga skv. neðangreindum úthlutunarreglum. Meðaltal úthlutunar var um kr. 280.000 krónur. 33 einstaklingar fengu úthlutað meira en einni milljón og fimm einstaklingar voru yfir hámarksúthlutuninni (2 milljónum). Nýir meðlimir, sem fengu úthlutað skv. reglu 3, voru 38 talsins.

Á næstu blaðsíðu eru úthlutunarreglur útlistaðar.

## Úthlutunarreglur STEFs tengdar sérstöku framlagi stjórnvalda vegna tekjufalls sökum COVID-19

- Allir þeir sem fengu úthlutað frá STEFi vegna tónleika innanlands á árunum 2016-2019 (að lágmarki kr. 30.000) eiga rétt á hlutdeild í þessari sérstöku úthlutun. Hafa ber í huga að árið 2015 var úthlutunarreglum STEFs fyrir tónleika breytt og því er árið 2016 fyrsta ár viðmiðunartímabilsins. Árið 2019 var síðasta „eðlilega“ tónleikaárið fyrir heimsfaraldurinn. Út frá þessum forsendum var viðmiðunartímabilið ákveðið 2016-2019.
  - Til að eiga rétt á hlut í þessari úthlutun, var sett skilyrði um 30.000 kr. lágmarksúthlutun á viðmiðunartímabilinu, þannig að úthlutunin dreifðist helst á þá höfunda sem segja má að hafi almennt haft allnokkrar tekjur af tónleikahaldi.
- Reiknað er meðaltal úthlutunar á viðmiðunartímabilinu og margfaldað með tveimur, þar sem verið er að bæta upp tekjutap tveggja ára (2020 og 2021).
- Fyrir nýja meðlimi STEFs var sett sérstök regla (þar sem viðmiðunartímabilið gefur eðlilega ekki rétta mynd af tekjutapi þeirra). Þeir sem gerðust meðlimir STEFs á árinu 2018 eða síðar falla undir þessa sérreglu.
  - Nýir meðlimir þurfa að hafa fengið úthlutað að lágmarki kr. 3.000 á árunum 2019-2021 (það á ekki einungis við tónleikaúthlutun, heldur einnig aðalúthlutun). Þetta er gert til að afmarka þá höfunda, sem eiga verk sem sannarlega hafa verið flutt, frá öðrum höfundum.
  - Út frá þeirri forsendu, að hlutfall úthlutunar vegna innlendra tónleika er að jafnaði u.þ.b. 15,5% af Aðalúthlutun (sem inniheldur útvarp/sjónvarp og annan innlendan flutning), þá má finna hver hefði orðið líkleg tónleikaúthlutun til nýrra meðlima á viðmiðunartímabilinu.
  - Miðað er við Aðalúthlutun til nýrra meðlima á árunum 2019-2021 (að teknu tilliti til þess að sumir nýir meðlimir höfðu einungis fengið einu sinni eða tvisvar úthlutað í Aðalúthlutun á þessu tímabili). Í þeim tilvikum sem tónleikaúthlutun á þessu tímabili var hærri en Aðalúthlutun, er sú tala þó látin gilda (þetta á t.d. sérstaklega við um höfunda sígildrar- og samtímatónlistar). Þá er að lokum skoðað hvort þessi hópur ætti að fá bætt bæði árin 2020 og 2021, eða einungis annað árið (sem á við um þá sem gerðust meðlimir seint á viðmiðunartímabilinu).
- Heildarfjárhæðinni sem er til úthlutunar er síðan skipt á milli allra þeirra sem falla undir ofangreindar forsendur.
- Frá úthlutunarfjárhæðinni sem fundin hefur verið, er það sem viðkomandi fékk þó úthlutað vegna tónleika á árunum 2020 og 2021 dregið frá og þannig fengin endanleg úthlutunarfjárhæð til viðkomandi.
- Af heildarfjárhæðinni sem úthlutað er á grunni þessara reglna reiknar STEF sér 5% umsýslugjald vegna vinnu við úthlutunina, samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnar STEFs. Til samanburðar er umsýslugjald v. tónleika 10% í eðlilegu árferði.
- Hámarksfjárhæð úthlutunar til hvers einstaklings er kr. 2.000.000.
- Lágmarksfjárhæð úthlutunar til hvers einstaklings er kr. 30.000.